

## Íslensk málnefnd

# Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2012

13. nóvember 2012

Í nýrri evrópskri könnun á stöðu 30 Evróputungumála gagnvart tölvu- og upplýsinga-tækninni kom í ljós að íslenska stendur höllum fæti á sviði máltækni, en þar er átt við hvers kyns tæknilegan stuðning við tungumálið – leiðréttingarforrit fyrir stafsetningu og málfar, þýðingarforrit, búnað til talsamskipta svo sem talgervla og talgreina, auk hvers kyns mállegra gagnasafna. Jafnframt er nú hafin þróun sem gæti leitt til gerbyltingar á kennsluháttum þar sem spjaldtölvur og lesbretti koma að verulegu leyti í stað hefðbundinna kennslubóka. En tilfinnanlegur skortur er á íslensku kennsluefni fyrir þessi tæki, og stýrikerfi þeirra og hugbúnaður er að verulegu leyti á ensku. Nýleg könnun leiddi einnig í ljós að 40% íslenskra skóla eru enn með enskt notendaviðmót á Windows-stýrikerfinu, þrátt fyrir að kerfið hafi verið til á íslensku um árabíl. Við þessu þarf að bregðast.

### Staðan

Á næstu árum og áratugum mun hlutverk tungumálsins í samskiptum manns og tölvu gerbreytast. Allar vélar sem notaðar eru við hvers kyns atvinnustarfsemi eru nú þegar tölvustýrðar, margvíslegur búnaður í bílum er tölvustýrður, og fjölmörg heimilistæki eru búin tölvum eða verða það á næstunni. Þessum búnaði hefur hingað til verið stjórnað með því að snúa snerlum, ýta á hnappa eða velja skipanir í valmyndum. Í framtíðinni verður tungumálið hins vegar meginstjórnstækið – búnaðinum verður stjórnað með því að rita skipanir á lyklaborð eða tala þær í hljóðnema (Eiríkur Rögnvaldsson o.fl. 2012). Þessi þróun er komin á góðan rekspöl og er til að mynda nú þegar hægt að stýra sumum tegundum snjallsíma með raddskipunum.

Á síðasta ári gekkst Evrópuverkefnið META-NET fyrir viðamikilli könnun á því hvernig Evrópumál væru undir þessa þróun búin. Könnunin tók til 30 tungumála og niðurstöður hennar birtust nýlega í jafnmörgum skýrslum (<http://www.meta-net.eu/whitepapers>). Þar kemur fram að flest málín eru þess vanbúin að bregðast við þessari þróun. 21 af þessum 30 tungumálum er talið eiga „stafrænan dauða“ á hættu, vegna þess að þau búa ekki yfir hugbúnaði og gagnasöfnum sem gera málhöfum þeirra kleift að nota

móðurmál sitt alls staðar innan tölvu- og upplýsingatækninnar (*Að minnsta kosti 21 Evrópumál á stafrænan dauða á hættu 2012*).

Íslenska er eitt þessara tungumála – stendur raunar næstverst að vígi af málunum 30. Vélrænar þýðingar milli íslensku og annarra mála eru mjög ófullkomnar, margvísleg gagnasöfn skortir, og grundvallarhjálparkæmi eins og hugbúnaður til málfarsleiðréttinga er ekki til (Eiríkur Rögnvaldsson o.fl. 2012). Að vísu hefur staða íslenskunnar skánað aðeins frá því að könnunin var gerð með tilkomu nýs íslensks talgervils sem Blindrafélagið lét gera og íslenskrar talgreiningar sem Google hefur gert í samvinnu við íslenska vísindamenn. En betur má ef duga skal.

Í íslenskri málstefnu sem samþykkt var á Alþingi 12. mars 2009 er mörkuð sú stefna að „allur almennur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku innan þriggja ára“ (*Íslenska til alls 2009*). Það skýtur því skökku við að í könnun sem gerð var snemma á þessu ári sögðu 70 skólastjórar af 170 það ekki vera opinbera stefnu skóla síns að íslenskt notendaviðmót væri á tölvum sem nemendur hafa aðgang að (*Tölvur og íslenskt mál í grunnskólum 2012*). Nýlega náðist þó mjög mikilvægur áfangi í átt að markmiði íslenskrar málstefnu þegar grunnskólar Reykjavíkurborgar tóku upp íslenskt viðmót í Windows-stýrikerfinu og Office-hugbúnaðarvöndlinum. Enn nota þó um 40% skóla á landinu Windows á ensku, og stýrikerfi Macintosh-tölva hefur ekki verið þýtt á íslensku undanfarin ár (*Tölvur og íslenskt mál í grunnskólum 2012*).

Tilraunir með notkun spjaldtölva og lesbretta í kennslu eru nú hafnar í íslenskum grunnskólum. Þessi nýbreytni á án efa eftir að auka fjölbreytni í kennsluháttum og getur nýst vel t.d. við kennslu barna með lestrarörðugleika eins og fram kom í umræðum á Alþingi um ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu tungunnar 2. desember sl. Enn er þó sáralítið námsefni til á íslensku fyrir spjaldtölvur og lesbretti, og notendaviðmótið er að miklu leyti á ensku. Verði ekkert að gert getur þessi nýjung því orðið til þess að veikja stöðu íslensku í tölvuheiminum verulega.

## **Horfurnar**

Í upphafi aldarinnar veitti Alþingi talsvert fé til að koma íslenskri máltækni á laggirnar og í kjölfarið voru byggð upp ýmis gagnasöfn og hugbúnaður sem mynda góðan grunn að frekara starfi (Eiríkur Rögnvaldsson 2011). Undanfarin ár hefur hins vegar mjög litlu fé verið varið til þróunarstarfs á þessu sviði þrátt fyrir brýna þörf. Það kostar jafnmikið að gera tungumál nothæft á öllum sviðum tölvu- og upplýsingatækninnar hvort sem 300 þúsund tala málið eða 300 milljónir. Smæð markaðarins veldur því að íslensk fyrirtæki sjá sér ekki hag í að þróa íslenskan máltækniþúnað.

Verði íslenskri máltækni ekki veittur opinber stuðningur á næstu árum heldur íslenska óhjákvæmilega áfram að dragast aftur úr í þróun máltækniþúnaðar. Þótt tungan sé ekki í bráðri hættu gæti staðan gerbreyst til hins verra á svipstundu þegar tæknin fer fyrir

alvöru að ráða við mannlegt mál á skilvirkan hátt. Staða og framtíðarhorfur málsins ráðast ekki fyrst og fremst af fjölda málnotenda, heldur notkunarviði málsins innan málsamfélagsins. Íslenska er notuð á öllum sviðum – í stjórnkerfinu, skólakerfinu, viðskiptalífinu, og öllum daglegum samskiptum fólks. Komi hins vegar upp sú staða að málið verði ekki nothæft innan tölvu- og upplýsingatækninnar er hætta á ferðum vegna þess hve stórt hlutverk tæknin leikur í daglegu lífi almennings – hlutverk sem fer ört stækkandi.

Þess verður að vænta að allir íslenskir skólar fari að skýrum ákvæðum íslenskrar málstefnu og noti hugbúnað með íslensku notendaviðmóti þar sem þess er kostur. Windows-stýrikerfið verður væntanlega áfram í boði á íslensku og mikið starf hefur verið unnið í sjálfboðavinnu við þýðingu ókeypiss hugbúnaðar svo sem OpenOffice. Vonandi tekst einnig að koma því til leiðar að Macintosh-tölvur verði með íslensku viðmóti.

Hins vegar er það áhyggjuefni og áfall fyrir íslenska málstefnu að ný tækni, sem augljóslega mun breiðast hratt út, skuli vera innleidd í skólakerfið án þess að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja stöðu íslenskunnar innan þessarar tækni. Venjist nemendur á að notendaviðmótið sé á ensku, og kennsluefnið að verulegu leyti líka, er hætta á að það hafi áhrif á viðhorf þeirra til móðurmálsins og þeir fái það á tilfinninguna að íslenska sé gamaldags og ófullkomið tungumál sem ekki henti innan nýrrar tækni. Slíkt viðhorf myndi kollvarpa þeirri sterku stöðu sem málið hefur innan málsamfélagsins og lýst er hér að framan.

### **Aðgerðir**

Til að tryggja framtíð íslensku í stafrænum heimi þurfa stjórnvöld og almenningur að vakna til vitundar um mikilvægi þess að hún sé fullgilt tungumál á öllum sviðum tölvu- og upplýsingatækninnar. Það felur í sér að notendaviðmót sé á íslensku, stafrænt kennsluefni sé á íslensku, hvers kyns hjálparforrit (leiðréttingarforrit, þýðingarforrit o.fl.) séu til fyrir íslensku, og unnt sé að nota ritaða og talaða íslensku í samskiptum manns og tölvu. Jafnframt þarf að veita fé til ýmissa brýnna verkefna á sviði máltækni, hugbúnaðarþýðinga og stafræns kennsluefnis. Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Gerð verði áætlun til næstu 10 ára um uppbyggingu og þróun íslenskrar máltækni með það að markmiði að íslenska verði gjaldgeng sem víðast innan tölvu- og upplýsingatækninnar.
- Stofnaður verði þróunarsjóður íslenskrar máltækni með a.m.k. 20 milljóna króna árlegu framlagi á fjárlögum. Þessi sjóður úthluti fé til grundvallarverkefna í samræmi við áætlun sem gerð verði um þróun og uppbyggingu íslenskrar máltækni.
- Gert verði átak til að kynna máltækni, mikilvægi hennar og möguleika fyrir tungumálið, og vekja stjórnvöld og almenning til vitundar um afleiðingar þess ef íslenska verður ekki gjaldgeng innan tölvu- og upplýsingatækninnar.

## *Ábyktun um stöðu íslenskrar tungu 2012*

- Ráðist verði þegar í stað í gerð hugbúnaðar sem vinni með ritvinnslukerfum og leiðbeini notendum um málfar og leiðrétti algengar villur, en gerð slíks búnaðar er talin forgangsverkefni í íslenskri málstefnu frá 2009.
- Lögð verði rík áhersla á það við Stjórnarráðið og stjórnendur allra íslenskra skóla að fylgja eftir markmiðum íslenskrar málstefnu um íslenskt notendaviðmót alls almenns notendahugbúnaðar.
- Íðorðastarf í tölvu- og upplýsingatækni verði styrkt og komið á fót samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Skýrslutæknifélags Íslands og Íslenskrar málnefndar á því sviði.
- Sett verði á fót opið þýðingaminni fyrir íslenskar hugbúnaðarþýðingar. Þýðingaminni er samnýtanlegur gagnagrunnur með þýðingum sem bæði flýttir fyrir þýðingum og eykur samkvæmni.
- Kannað verði hvaða námsefni er til á íslensku á stafrænu formi, hvort hægt sé að uppfæra það fyrir spjaldtölvur og lesbretti og hvaða kostnaður fylgi þeim breytingum.
- Styrkir verði veittir, t.d. úr Þróunarsjóði námsgagna, til kennsluefnisgerðar fyrir spjaldtölvur og lesbretti – þróun nýs efnis, uppfærslu eldra efnis, og þýðingu og staðfærslu erlends efnis.

### **Heimildir**

- Að minnsta kosti 21 Evrópumál á stafrænan dauða á battu.* 2012. [Fréttatilkynning í tilefni Evrópska tungumáladagsins 26. september.] Aðgengilegt á <http://www.meta-net.eu/whitepapers/press-release-is>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2011. Icelandic Language Technology: An Overview. Stöckel, Gerhard, og Tamás Váradi (ritstj.): *Language, Languages and New Technologies: ICT in the Service of Languages. Contributions to the Annual Conference 2010 of EFNIL in Thessaloniki*, s. 187-195. (Duisburger Arbeiten zur Sprach- und Kulturwissenschaft, 87). Lang, Frankfurt am Main.
- Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. 2012. *Íslensk tunga á stafrænni öld/The Icelandic Language in the Digital Age*. Hvítbókaröð META-NET, ritstj. Hans Uzokreit og Georg Rehm. Springer, Berlín. Aðgengilegt á <http://www.meta-net.eu/whitepapers/volumes/icelandic>.
- Íslenska til alls.* 2009. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík. Aðgengilegt á [http://www.islenskan.is/islenska\\_til\\_all\\_2009-11-06.pdf](http://www.islenskan.is/islenska_til_all_2009-11-06.pdf).
- Tölvur og íslenskt mál í grunnskólum.* 2012. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík. Aðgengilegt á [http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/996D0924F9C6D1DA002579F80051729A/Attachment/tolvur\\_isl\\_grsk\\_2012.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/996D0924F9C6D1DA002579F80051729A/Attachment/tolvur_isl_grsk_2012.pdf).